

**REGLUGERÐ**

um breytingu á reglugerð nr. 214 25. október 1966 um möskvastærð  
botnvörpunetja og lágmarksstærðir fisktegunda.

**1. gr.**

Aftan við 1. gr. komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Sömu reglur um möskvastærð skulu gilda á hafsvæðinu er takmarkast af vesturströnd Grænlands og eftirgreindum línum: Frá 78°10' n.br. og 73°00' v.lgd. er dregin lína að 75°00' n.br. og 73°30' v.lgd. og þaðan í suðaustur átt að 69°00' n.br. og 59°00' v.lgd., þaðan í réttvísandi suður að 61°00' n.br. og 59°00' v.lgd. Þaðan hugsast lína dregin í suðausturátt að 52°15' n.br. og 42°00' v.lgd. og þaðan í réttvísandi norður að 59°00' n.br. og 42°00' v.lgd. og þaðan í réttvísandi vestur í punkt 59°00' n.br. og 44°00' v.lgd. og þaðan í Góðvon. (Cape Farwell).

**2. gr.**

Aftan við 1. málsgrein 7. gr. komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Þó skulu brot á ákvæðum síðustu málsgreinar 1. gr. reglugerðarinnar varða sektum frá 500.00 til 20 000.00 krónum.

Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 56 12. maí 1970 um framkvæmd alþjóðasamnings um fiskveiðar í Norðvestur Atlantshafi til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 6. júlí 1970.*

**Eggert G. Þorsteinsson.**

*Jón L. Arnalds.*

Nr. 161.

21. júlí 1970.

**SAMÞYKKT**

um breytingu á samþykkt um stjórn Akureyrar nr. 143 29. ágúst 1966.

**1. gr.**

29. gr. B, 2, orðist svo: „Sjúkrahússtjórn: 5 aðalmenn og 5 til vara“.

29. gr. B, 3, orðist svo: „Elliheimilastjórn: 5 aðalmenn og 5 til vara“.

29. gr. B, 7, orðist svo: „Heilbrigðisnefnd: 5 aðalmenn og 5 til vara“.

29. gr. B, 9, orðist svo: „Skipulagsnefnd: 5 aðalmenn og 5 til vara“.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1970.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Jón S. Ólafsson.*